

Kjarvalsstaðir:

Sýning á verkum ungra listamanna

Dagana 5.-20. febrúar nk. verður efnt til sýningar að Kjarvalsstöðum á verkum ungra myndlistarmanna. Sýningin er haldin á vegum stjórnar Kjarvalsstaða og er þátttaka miðuð við listamenn 30 ára og yngri. Sérstök dómnefnd fjallar um innsend verk og verður tekið á móti verkunum á mánu-

daginn kemur, 10. janúar, frá kl. 10-18.

Greidd verða dagleigugjöld fyrir þau verk sem valin verða á sýninguna. Þá verður og veittur ferðastyrkur og velur dómnefnd úr hópi þátttakenda þann sem styrkinn hlýtur.

Prettándinn á Selfossi:

„Smávægileg barnabrek“

— segir lögreglan

„Það var nokkur hópur krakka sem safnaðist saman við Austurveg og Eyrarveg, rétt við Ölfusárbrú, en það var ekkert að ráði sem var gert. Nokkrir voru þó handteknir fyrir ólæti en við getum frekar kallað það smávægileg barnabrek.“ sagði Jón Guðmundsson yfirlögregluþjónn í samtali við DV.

Hann sagði ennfremur að fimmtán manna lögregluhöld frá Reykjavík hefði komið til Selfoss í gærkvöldi og væri það samkvæmt venju. „Annars fór þetta betur fram en áður og það voru engar teljandi bombur sprengdar.“ bætti Jón við.

„Já, þetta var friðsamlegt og mjög skemmtilegt þrettándakvöld. Lögreglumennirnir sem komu frá Reykjavík voru til fyrirmyndar, létu ekki stríða sér, voru léttlyndir, ljúfir og kátir í alla staði. Alveg öfugt við þá sem komu hingað í fyrra og lömdu krakka sundur og saman.“ sögðu tveir ungir Selfyssingar í samtali við DV.

„Eiga við sjúkleika að stríða“


„Það er ótrúlegt að nokkur maður skuli vilja hræða samborgara sína með svona hringingum og það er ljóst að þeir sem þetta stunda hljóta að eiga við mikil bágingi og sjúkleika að stríða.“ sagði Magnús Einarsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík, við DV vegna sprengjugabbanna að undanförunu.

DV hefur greint frá sprengjugöbbunum á Hótel Borg og svo í Útveggsbankanum í Kópavogi í gærmorgun. En síðdegis á fimmtudag bættust svo við tilkynningar um sprengjur í Alþingishúsinu, húsi Almennra trygginga og bóka-verslunarinnar Vedu í Kópavogi.

Hús bóka-verslunarinnar og Almennra trygginga voru strax rýmd og könnuð en ekkert fannst. Ekkert hafði verið um mannaferðir í Alþingishúsinu um tíma en það var þó kannað.

Unnið er að rannsókn allra þessara mála.

-JGH.



Fanny

Laugavegi 87 — Sími 10—5—10

Opið laugardaga til kl. 18

TEPPI

Nú er hægt að gera góð kaup í teppum. Okkar árlega bútasala og afsláttarsala byrjar 10. janúar og stendur í 10 daga.

Teppabútar af öllum mögulegum stærðum og gerðum með miklum afslætti og fjölmargar gerðir gólfteppa á ótrúlega góðu verði.

Bútasala, allt að 50% afsláttur.

JL BYGGINGAVÖRUR

HRINGBRAUT 120:	Simar:	Timburdeild.....	28-604
Byggingavörur.....	28-600	Málningarvörur og verkfæri.....	28-605
Gólfteppadeild.....	28-603	Flisar og hreinlætistæki.....	28-430

HRINGBRAUT 120 (Aðkeyrsla frá Sólvallagötu)